

Trefjaplást

Leiðbeiningar um notkun efnis og verklag við Trefjaplöstudun



- Áður en efnin eru tekin úr þakningum aðgætið:
 - ..að flöturinn sem á að plasta sé tilbúinn.
 - ..að allur öryggisbúnaður sé til staðar s.s. gleraugu, hanskar og loftræsting.
 - ..að viðkomandi hafi þekkingu á efnunum og kunni að fara með þau.
- Nauðsynleg verkfæri s.s. pensill, álrúlla, blöndunarfata og hræra
- Áætlið magn af polyester fyrir flötinn sem á að vinna með, blandið 1% herði í polyesterinn og hrærið vel saman.
- Penslið polyester á flötinn sem á að vinna.
- Leggið trefjamottuna á flötinn bleytið hana hæfilega með polyester.
- Rúllið yfir flötinn með álrúllu, sökkvið með því trefjunum í polyester og þrýstið lofti úr trefjamottunni. Ef byggja á upp meiri þykkt, eitt lag gefur 1,0 - 1,2mm í efnisþykkt, má leggja annað lag af trefjamottu ofan á blautt efnið og endurtaka vinnsluna, ekki ráðlegt að vinna meira en 4 lög í einu.
- Hreinsun:**
Aceton er notað við þrif á verkfærum.
Ath. þau þarf að þrifa áður en efnið harðnar.
- Hörðunartími:**
Efnið tekur sig á ca. 30 mín miðað við 18°C vinnsluhita.
Það fullharðnar á ca 20 klst.
- Ath.leggið ekki frá ykkur fötu með efnisafgang (herðisblönduðum polyester) sjálfstíkveikja getur orðið í fötunni.
- Ath. vel, efnin sem þú ert að meðhöndla, flokkast með hættulegum ætandi efnum þau þarf að umgangast með varúð. Ef óhapp verður t.d. efni fer í augu skal skola strax með vatni og leita læknis.

